

Borgarráð

Viðauki við fjárhagsáætlun 2016 vegna flutnings stöðugilda frá SFS til VEL vegna tveggja stöðugilda náms-og starfsráðgjafa.

Lagt er til að tillögur sem fram koma í skýrslu starfshóps um samstarf Námsflokka Reykjavíkur og velferðarsviðs, dags 30. apríl 2015, verði samþykktar og að yfirflutningur starfa náms-og starfsráðgjafa, samtals 2 stöðugildi, verði 31. desember 2015. Um er að ræða tilfærslu á fjárhæð kr. 10.031.389.- frá skóla og frístundasviði til velferðarsviðs. Hjálagt fylgir samkomulag dags. 13. apríl 2016 milli skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs.

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta eða Samstæðu Reykjavíkurborgar árið 2016.

Kostn.st.		Fjárhæð (kr.)	
M4001	Skóla-og frístundasvið (SFS)	Frá	-10.031.389
Ýmsir	Velferðarsviðs (VEL)	Til	10.031.389
		Samtals	0

Greinargerð

Á fundi borgarráðs þann 8. október var lagt fram bréf skóla-og frístundasviðs dags 18.september 2015, sbr. samþykkt skóla-og frístundaráðs frá 23. september á tillögu sviðsstjóra skóla-og frístundasviðs um að tillögur sem koma fram í skýrslu starfshóps um samstarf Námsflokka Reykjavíkur og velferðarsviðs, dags 30. apríl verði samþykktar og að yfirflutningur starfa náms og starfsráðgjafa, samtals 2 stöðugildi, verði, 31. desember 2015. Tillagan var samþykkt. Með samkomulagi þessu færist kostnaður vegna tveggja stöðugilda náms-og starfsráðgjafa frá skóla og frístundasviði að upphæð kr. 10.031.389.-, frá kostnaðarstað M4001, á eftirfarandi kostnaðarstaði velferðarsviðs, R1110, R2100, R3110, R4110, R5110 og R6210.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Samkomulag SFS og VEL um fluting stöðugilda dags. 13. apríl 2016.



Samkomulag

um yfirflutning tveggja stöðugilda náms- og starfsráðgjafa frá skóla- og frístundasviði yfir til velferðarsviðs.

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 23. september 2015 var lögð fram skýrsla starfshóps um samstarf Námsflokka Reykjavíkur og velferðarsviðs. Lögð var fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs :

Lagt er til að tillögur sem fram koma í skýrslu starfshóps um samstarf Námsflokka Reykjavíkur og velferðarsviðs, dags. 30. apríl 2015, verði samþykktar og að yfirflutningur starfa náms- og starfsráðgjafa, samtals 2 stöðugildi, verði 31. desember 2015.

Greinargerð fylgdi tillögunni og var hún samþykkt og vísað til borgarráðs.

Á fundi borgarráðs þann 8. október 2015 var lagt fram bréf skóla- og frístundasviðs dags. 18. september 2015, sbr. samþykkt skóla- og frístundaráðs frá 23. september á tillögu sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um að tillögur sem fram koma í skýrslu starfshóps um samstarf Námsflokka Reykjavíkur og velferðarsviðs, dags. 30. apríl 2015, verði samþykktar og að yfirflutningur starfa náms- og starfsráðgjafa, samtals 2 stöðugildi, verði, 31. desember 2015. Tillagan var samþykkt.

Með samkomulagi þessu færast kostnaður vegna tveggja stöðugilda náms- og starfsráðgjafa frá skóla- og frístundasviði að upphæð kr. 10.031.389, frá kostnaðarstað M4001, á eftirfarandi kostnaðarstaði velferðarsviðs R1110, R2100, R3110, R4110, R5110 og R6210.

Eins og fram kemur í meðfylgjandi skýrslu starfshóps (fylgiskjal 1) verður samstarf Námsflokka og velferðarsviðs tryggt með reglubundnum fundum a.m.k. tvisvar á önn. Velferðarsvið ber ábyrgð á að boða til þeirra funda.

Fylgiskjal:


Skýrsla starfshóps um samstarf Námsflokka Reykjavíkur og velferðarsviðs, 2015.

Reykjavík 13. apríl 2016

f.h. velferðarsviðs


Kristjana Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri

f.h. skóla- og frístundasviðs


Helgi Grímsson, sviðsstjóri

VEL 2015-09-0048

0.11.1